41/48 (2½

9 ark

Vilsinn

9. Blad

5 Blad

Morten Hansen

selur ódýr og góð ritföng af
alls tagi, og tekur að sjer að
panta öll kennsluáhöld han-
da skólum og heimilum.

# Viljinn

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

7. Árgangur.

5. Tölublað 26. Mars 1905

Ritstjórn
Árni Hallgrímsson Jakob H. Líndal
Jónas Jónasson

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Úlfstaðakot | kom | 26 | fór | 28 |
| Úlfstaðir | — | 27 | — | 29 |
| Sólheimagerði | — | 29 | — | 30 |
| Sólheimar | — | 30 | — | 31 |
| Miðsitja | — | 31 | — | 1 apríl |
| Víðivellir | | | | |
| Miklibær | -„- | 3. | | 4. -„- |
| Hrólfsstaðir | apríl | 4 | — | 5 |
| Grundarkot | — | 5 | — | 6 — |
| Þorleifsstaðir | | 6 | — | 8 — |
| Höldskuldsstaðir | | | | |
| Stóru-akrir | -„- | 10 | — | 12. -„- |
| Minni-akrir | | 12 | — | 14 |
| Minnakragerði | 1. | | | |

# Heiður bænda

Allir óspilltir menn eru gæddir þeim eiginleika að vera annt um heiður sinn. Það hefir líka fyrir löngu verið viðurkennt, hversu það, að bera virðingu fyrir sjálfum sér, væri nauðsynlegt til til að geta lifað dáðmiklu og virðingarverðu lífi. Eins og þessu er varið með einstaka menn, þannig er því og varið með heilar stéttir manna.

Þótt þetta sé stutt og ófullnægjandi röksemdaleiðsla, skulum vér nú leyfa oss að ganga út frá því sem gefnu, að stéttunum sé nauðsynlegt að þær séu virtar, og að þeim sé líka nauðsynlegt að bera virðingu fyrir sjálfum sér eða köllun sinni.

Eg vil þá stuttlega athuga, hverrar virðingar ~~bændur þjóta~~ íslensku bændurnir nú á tímum þjóta og set þá fyrst til samanburðar stéttarbræður þeirra á söguöldinni, blómatíma Íslands.

Eg man ekki eftir að hafa nokkurs staðar orðið þess anda var í sögum vorum, að það þætti ekki fullgilt og fullvirðulegt nafn að heita bóndi.
Eg man ekki eftir neinu nafni, sem þá þætti meiri virðing í að bera, því goðorðsmenn og lögsögumenn voru líka bændur. Margir þeir, sem höfðu aflað sér fjár og frama með kaupskap, vinfengi við konunga, víking eða á annan hátt, settust aftur að í sveit sinni, og gjörðust bændur, og þótti virðing þeirra ekki að minni fyrir það.

Nú er þetta nokkuð á annan veg. Nú þykir mönnum almennt fremur lítið til þess koma að vera bóndi; og eg hef oft heyrt talað ~~a~~ á þá leið um þá sem hafa farið á latínuskólann, síðan ekki tekið embætti, heldur ~~heldur~~ sest að uppi í sveit sem bóndi „já til nokkurs var hann að fara í skóla, það gat þó ekkert orðið úr honum“.

Það eru líka til ýms nöfn sem benda á lítilsvirðing bændanna s.s. bóndagrei, bóndarefill o.fl. Samskonar nöfn þekkjast ekki um gömlu bændurna.

En af hverju stafar nú þessi mismunur?

Í fyrsta lagi er lítilsvirðing bændastéttarinnar gamall vani síðan á niðurlægingartímabili þjóðarinnar, þegar bændurnir urðu að sætta sig við að sitja og standa, tala og vinna eins og konunglegir kúgarar og eiginngjarnir kaupmenn vildu.

Í öðru lagi stafar hann af meiri menning bændanna á söguöldinni, samanborið við kröfur tímans, og sem afleiðing af henni meiri stjórn, meira vald yfir sínum eigin málefnum. Þannig voru það bændurnir sjálfir, (goðarnir) sem réðu mestu um öll héraðsmál, bændurnir sjálfir, sem riðu til ~~af~~ alþingis, sátu í lögréttu og dæmdu mál manna

Með öðrum orðum stjórn landsins var eingöngu bændastjórn. Íslensku bændurnir þurftu aldrei á þeim tímum að líða þá tilfinningu, sem því er samfara að skríða í duftinu að fótskör annarar stéttar, og þótt þeir eða synir þeirra kæmu til konunga erlendis, þá voru þeir vanir að bera höfuðið hátt.

Við þennan stuttorða samanburð höfum vér komist að þeirri niðurstöðu, að hinir fornu bændur hafi notið miklu meiri heiðurs en bændur nú á tímum, og að sá mismunur eigi aðallega rót sína að rekja:

1. Til gamals vana síðan á niðurlægingartímabili þjóðarinnar.
2. Til minni menningar bændanna nú á tímum samanborið við kröfur tímans.
3. Til minna valds og minni stjórnar í sínum eigin málum.

En þá kemur spurningin.

Hvað útheimtist til þess, að bændur nú eins og á söguöldinni njóti þess heiðurs í þjóðfélaginu, sem þeir eiga skilið?

Það þarf að útrýma þessum gamla ~~vanans~~ hugsunarhætti rótgróins vana, að skoða bændurna sem fótaskemil embættismannanna. Mönnum þarf að skiljast að embættismennirnir eru þjónar bændanna, og bændurnir þess vegna ekki undirsátar þeirra. Það þarf að koma inn hjá mönnum virðingu fyrir starfinu og hinum framleiðandi atvinnuvegum. Þjóðin þarf að skilja enn betur en hingað til, hin mikilvægu sannindi þessara orða: "Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi." Og bændurnir þurfa sjálfir að fá aðra skoðun á sjálfum sér og köllun sinni. Þeir þurfa að sýna það í verkinu að þeir séu færir um að bera nafnið *bóndi*, séu færir um að ráða og stjórna sínum eigin málefnum til jafns við hinar stéttirnar.

En hvað er það, sem stuðlar aðallega að því, að þessu takmarki verði náð?

Meðal annars, meiri menning, meiri þekking bæði í bóklegum og verklegum fræðum. En ~~tilgrði~~ skilyrði fyrir staðgóðri þekkingu er námfýsi. Það er ekki allt unnið við það að hafa farið á einhvern skóla, ef öll þekkingin og viðhald hennar, er látið upp á hillu þegar heim er komið, eða menn taka alveg þveröfuga lífsstefnu við það, er þeir hafa fengið undirbúning til í skólanum, t. d. eins og þegar búfræðingar verða búðarmenn eða jafnvel skósmiðir. Þeir einir ná staðgóðri þekkingu, sem hafa lag og vilja til að nota sem mest af því marga og mikla sem tíminn hefir stöðugt á boðstólum gegnum reynsluna, bækur, tímarit og blöð.

Það er svo margur fróðleikur, sem ekki fæst öðruvísi en af reynslunni, og vér hljótum því að fara á mis við, ef vér notum hana ekki. Oss sýnist ef til vill margt af því smávægilegt, og oss hættir til að sjást yfir það, en það hefir oft engu að síður sína góðu og gildu þýðingu fyrir því. Svo eg nefni dæmi, sem sérstaklega heyrir búnaðinum til, þá hefir það ekki litla þýðingu fyrir bóndann, að hafa glöggt reikningshald, að geta til dæmis vitað með nokkurnveginn vissu, og sýnt með tölum, hver grein kvikfjár-ræktarinnar gefur mest af sér, samanborið við tilkostnað og höfuðstól, að geta vitað hver kýrin í fjósinu mjólkar mest, og hver þeirra hefir feitasta mjólk, og svo í sambandi við það athugað, hvernig þær borga fóður sitt ~~samanborið við~~ hver borin saman við aðra, og einnig bornar saman við kýrnar í nágrenninu.

Ef vér gjörðum þetta, ættum vér hægra með að haga seglum eftir vindi í búskapnum, og vér mundum líka komast hjá mörgu því blindskeri, sem vér annars lendum stöðugt á, og ef vér hefðum

gjört þetta, ættum vér hægra með að fá staðgóðan grunvöll til að byggja á, þegar um stofnun mjólkurbúa, og önnur ný framfarafyrirtæki er að ræða. Þá værum vér líka færari um, og verðari fyrir að bera nafnið bóndi.

Eins og oss er nauðsynlegt að taka eftir og læra af atvikunum og viðburðunum í kring um oss, þannig þurfum vér og líka að taka eftir og læra af því, sem ritað er á hinum yfirstandandi tíma, til þess eru oss bækur og ~~t~~ blöð nauðsynleg. Hvað bændurna snertir eru þetta þó sérstaklega þau rit, sem ræða þau málefni, sem beinlínis heyra búnaðinum til, þó menn megi ekki taka það svo, að eg telji ekki ýmiskonar annan fróðleik einnig ómissandi. Búskapur rekinn svo að í lagi sé, er vandasöm staða, og krefst mikillar þekkingar, hana þurfum vér að leytast við að auka með því að lesa það sem þeir rita, sem best eru að sér í þeirri grein. Sú fræðigrein tekur

líka stöðugum framförum, sem vér verðum að fylgjast með í, og hagnýta oss eftir föngum. Búskapurinn er og háður ýmsum ytri áhrifum, sem eru breytileg eftir því ~~hver~~ hver tími stendur yfir (verzlunarhorf. o.fl.) Auk þessa eflir lestur búnaðarritgjörða áhuga vorn ~~f~~ á búnaði og styður til þess, að vér lærum að meta stöðu vora og skilja, hversu nauðsynlegt er, að vér látum oss ant um hana og þau málefni, sem mega verða henni til eflingar.

En þetta gjörðu búnaðarritin miklu betur en þau gjöra nú, ef þau væru ekki svo að segja hornreka í hverju húsi, ýmist ekki keypt, eða þá látin liggja lítið hreifð á hillum, í skápum og kistum eða jafnvel eyðilögð. Vér þurfum að fara að venja oss af þeim óvana, að virða að vettugi það, sem rætt er og ritað um aðalatvinnuveg vorn landbúnaðinn, eða þau málefni, sem að minsta kosti er ætlast til að verði honum til gagns, og vér ættum að leggja kapp á að verða

sem flestir svo vel að oss í þeirri grein,
að vér gætum lagt vorn skerf þótt lítill
væri til þess, að búnaðarþekkingunni gæti
farið fram í landinu.
En það er alveg eins verklega þekkingin
eins og sú bóklega, sem vér þurfum að
afla oss til þess að verða góðir bændur,
vel metnir í stöðu vorri. Það er engu
síður hún en bóklega þekkingin, sem hjálpar
oss til að ~~ná~~ framleiða meiri auð og efla
búhag vorn, heldur eru það þær hvorar-
tveggju í sameiningu, og mega alls ekki
sundurskiljast, því þær eru hvor án annarar
~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ máttur, sem kemur þó ekki
að hálfum notum, af því það vantar
kunnáttu til að beita honum.
Vér getum því sagt, að þekkingin – bæði
almenn og búnaðarleg – gefi bændunum
meiri möguleika til að framleiða og hag-
nýta meiri auð. Að hún leiðrétti hugsunar-
háttinn. Að hún gjörir bændurna færari
um að ráða sjálfir, og taka þátt í stjórn

~~sinna~~ sinna eigin málefna landsmálunum.
Að hún er skilyrði fyrir því, að bændurnir
þurfi ekki að sækja þjóna sína, embættis-
mennina, til þess að sitja á þingi fyrir sig,
heldur geti gjört það til jafns við þá sjálfir
Í einu orði: Hún eykur vald.
Og bændastéttinni er nauðsyn á meira
valdi á fleiri en einn hátt, og ~~þar~~ hún
þarf að vera fær um að nota og halda þessu
valdi. Það þykir ef til vill undarlegt að
heyra sagt, að bændurnir hafi ekki nógilegt
vald nú á þessum frelsistímum, þegar vér
erum nýbúnir að fá "heimastjórn" og aukið
vald þingsins. Hverjir skyldu það vera, sem
eftir atkvæðafjölda við þingkosningar geta haft
tögl og hagldirnar á þinginu nema einmitt
bændurnir? En þótt nú eftir lagalegum
skilningi þessu sé svona varið, þá verður
þó í raun réttri allt annað, þegar til reynsl-
unnar kemur. Það eru ekki í raun og veru
bændurnir, sem ráða mestu um landsmálin,
jafnvel ekki einu sinni búnaðarmálin, heldur

eru það embættismennirnir. Á meðan bænd-
urnir kjósa ekki bændur á þing, eða eru
jafnvel ekki færir um að koma þangað til móts
við embættismannastéttina, þá hafa þeir ekki
í raun og veru þetta vald. En vjer þurfum
að stefna að því að ná þessu valdi og gjöra oss
færa til að halda því og nota það, stefna
að því, að bændastjettin eigi bændur eða
menn með búnaðarmenntun á þingi
hlutfallslega við það, sem hún á skilið
sem aðalhluti landsmanna. Undir því
er komin meiri líkindi til, að landsmálum
verði stjórnað samkvæmt kröfum og þörf-
um bændanna sjálfra, ~~og~~ það er skilyrði
fyrir auknum heiðri þeirra, og þá einnig
vjer líka vor hinn forna fyrirkomulagi
bændastjórninni á fyrri öldum, að svo
miklu leyti, sem vjer eigum hægt með,
og oss er heppilegt að líkja eftir því,
sökum þess hversu vjer stöndum á ólíkum
pólitiskum grundvelli.

Jakob H. Líndal

„Guð gjörir það líka" „Hann er þegar
búinn að því, mamma," sagði Axel
og leit til móður sinnar augun-
um ljómandi af gleði. Himnesk-
um ljóma brá yfir andlit gömlu
konunnar, hrukkótt af elli, og
hún þrýsti kossi á enni Axels.
„Guð hefur bænheyrt mig," mælti
hún, „jeg vissi það nú alltaf Axel
að þú myndir koma heim um
jólin."

## Síðasta undrit

er þat, at farit er at nota nokk-urskonar þráðlausa firðritun til þess at stjórna mannlausum skipum bæði á sjó og í loftinu. Þat eru tveir þjóðverjar er hafa unnit at þessari nýju uppgötvun, er talit er, at geti orðit stórþýðingar-mikil í hernaði. Geta þeir stýrt þessum mannlausu skipum með vilum sínum, látit þau skjóta af fallbyssum o. s. frv. á 18 mílna færi
(Eftir Norðurlandi.)

Hér set ég at gamni mínu fyrri part af vísu, ætla at vita hvort botnar koma ekki á leiðinni. Botnana á at setja á aðra síðu x Vo aftar í blaðinu.

Fjöllin há horfi ég á
hulin ~~bláum~~ gráum feldi. — —

fyr en hann hafði fengið kenslukonuna fyrir eiginkonu. Þau héldu brúðkaup sitt áður en árið var liðið.

„Konan mín er enn þá sama blíða og saklausa dúfan", sagði vinur minn einatt við mig, „en þegar á liggur þá er hún máttug og hugrökk sem örn".

Þegar listamennirnir mynda engla himins þá teikna þeir vængjuð börn. Risarnir eru ímynd hins vonda.

— // —

At eyða fyrir vísubotnana. —

Skrúði sá er sending frá
sólar-blá-veldi.

[[illegible]]

eða —

Skrúði sá er skraut-gjöf frá
skýja-blá-veldi.

[[illegible]]

eða

Leppur sá er ending frá
Satans fláa veldi

Ljósin smáu lýsa þá
lofts um bláa veldi
Máninn, sá á himni há-
hallar þá að kveldi
G. B.

Gulli strá, um grund og sjá,
geislar frá jarð-eldi
Do

Klökug strá und köldum snjá
kúra í dáins veldi.

Títt það nær trega hjá
litin bág mig hrelldi.

Liljan smá þar löngum má
hita dáins veldi.
St. V.

Kötur bú á beri snjá
best mót fláu veldi

## Stefnufesta.

Þad er þýdingarmikid um-
ræduefni, sem hreift er í 2. bladi
Viljans í grein med þessari yfir-
skrift, og á höf. þakkir skyldar
fyrir ad hafa vakid máls á jafn
mikilsverdu málefni. En mér vird-
ist hann hafa verid helst til um
of spar á hugsanaandi sínum og
skriffærum, þar sem hann hefir
hjappad því efni saman á eina
bladsídu. Því þad ætla ég hverjum
manni audsætt, ad svo vídtækt og
yfirgripsmikid mál sem þetta er,
verdur ekki skýrt til hlýtar med
svo fáum ordum. — Án þess ad
mér komi til hugar ad halda því
fram ad ég beri meira skyn á

þetta mál en höf. eða hygst nú
að gefa lesendunum fullnægjandi
skýringar á því, ræðst ég í að skrifa
nokkur orð, af ástæðu sem ég hefi
áður greint; jafnframt því að
ég í einstökum atriðum hefi nokk-
uð aðra skoðun en höfundurinn.

Það verður vissulega aldrei of
mikið að því gert að brýna sanna
stefnufestu fyrir ungum og
gömlum. Stefnulausu mennirn-
ir eru allt of margir í heimin-
um, menn sem eru alltaf á víð
og dreif, og ávalt hlaupa frá
einu til annars, menn sem
ekki vita hvað þeir vilja. Slíkir
menn hafa ekki afkastað miklu
að kvöldi æfi sinnar. Það ætti
hverjum manni að vera um það
hugað að framkvæma eitthvað
þarft og nytsamt, láta eftir sig
það æfistarf sem haldi minn-

ingu hans á lofti. En þeir eru
of margir sem láta eftir sig þessa
sorglegu minningu:
„Hann byrjaði á allmörgu, en endaði fátt,
og allt lá það hálfgert, í brotum."

Sama má segja um þjóðirnar
sem einstaka menn. Hvað þjóð-
in getur lagt stóran skerf til
heimsmenningarinnar fer eftir
því hvað einstaklingarnir hafa
náð miklum andlegum og líkam-
legum þroska. Þrek og dugur,
drenglyndi og stefnufesta hjá ein-
staklingunum er skilyrðið til þess
að þjóðin verði menningarþjóð.

Það verður ekki sagt að vér
Íslendingar stöndum framarlega
í menningarlegu tilliti. — Ég þykist
ekki óvirða íslensku þjóðina þó
ég segi að hún eigi of mikið af stefnuleysi,
heigulshætti og hringlandi, en
of lítið af sannri stefnufestu. —

En vér álítum þó vort í brjósti
að það muni eiga fyrir oss að liggja
að verða menningarþjóð. Þá ríður
oss líka á að gera oss ljóst hvað
til þess útheimtist.

Vér segjum að stefnufestan
sé skilyrði til þess að geta unnið
mikið og þarflegt æfistarf. Að
vísu verður því ekki mótmælt,
en þó má segja að það sé ein-
ungis hálfur sannleikur. Það er
lítið í það varið eitt út af fyrir
sig að vera stefnufastur, án tillits
til þess hvert takmarkið er, sem
vér stefnum að. Stefnufestan,
eins og það orð er vanalega skilið,
kemur fram í svo óendanlega
margbreytilegum myndum. En
það gildir ekki einu hverja stefnu
maðurinn tekur í lífinu, hvort
hún er holl og rétt eða öfug og
skaðleg, hvort hún miðar til upp-

byggingar eða niðurdreps fyrir
þjóðfélagið.

Stefnufesta einstaklingsins
getur orðið til ómetanlegs tjóns,
ef stefnan er röng, og því meira
tjóns þess fastara sem hann fylgir
stefnu sinni fram. Það er því aug-
sætt að í sjálfu sér er það þýðingar-
laust að predika fyrir lýðnum
eintóma stefnufestu. Vér verðum
áður að hafa gert oss ljósa grein
fyrir því, hvað stefnufesta er, í
orðsins æðstu merkingu.

Hvað er sönn stefnufesta?
Þessi fljótsamda grein verður ekki
annað en sundurlausar hugleiðingar
sem að líkindum verður ekki mik-
ið á að græða. Og þó ég setji fram
þessa spurningu þá hefi ég enga
von um að svar mitt verði svo
ljóst og ákveðið að lesendurnir
megi vel við una. — Áður en ég

leitast við að svara spurningunni
verð eg koma með fáeinar athuga-
semdir.
Eins og áður er sagt kemur hin
svokallaða stefnufesta fram í ýmsum
myndum. Hér er ekki tækifæri til að
rekja frá rótum þær myndbreytingar.
En á einstök atriði vil eg drepa.
Stefnufesta vor, þ. e. a. s. fastheldni
vor við vissar skoðanir er eigi ávalt
sprottin af því, að vér séum svo
sannfærðir um gildi þeirra og
réttmæti. Oft og einatt erum
vér ófáanlegir til að þoka frá þeim
skoðunum sem vér einhvern tíma
höfum tekið ástfóstri við, jafnvel
þótt sannað hafi verið að þeir séu
á sandi einum bygðar.
Þessi fastheldni á aðallega rót
sína að rekja til treggja orsaka.
Önnur orsökin er ótti við almenn-
ingsálitið. Það er kunnugra en frá

þurfi að segja hver óvirðing það þyk-
ir að skifta um skoðanir. Þeim
mönnum er nær því æfinlega brugðið
um stefnuleysi og að þeir séu sjálfum
sér ósamkvæmir. Stundum kunna
slíkir dómar að vera á rökum
bygðir, en eins oft munu þeir vera
hraparleg villa. Þessi hleypidómar
virðist að hafa fest djúpar rætur
hjá oss Íslendingum. Í blöðum
vorum sjáum vér þess áþreifanleg
dæmi. Þegar blöðin vilja ófrægja
einhvern mótstöðumann sinn, þá
er oft gripið til þess að taka fyrri
orð og setningar, sem sá hinn sami
kann að hafa talað eða skrifað fyrir
löngu síðan, og skoðanir þær er þar
koma fram bornar saman við aðrar
skoðanir sem hann hefir seinna
látið í ljósi, og maðurinn síðan
úthrópaður sem pólitiskur vindhani.
Og vegna þess að fæstir af oss hafa þrek

til ad bjóda almenningsálitinu byrg-
inn, hefir þetta eigi allítid áhrif á
framkomu vora.

Hinnar orsakarinnar er ad leita
inst inn í edli vor sjálfra. Oss þykir
þad mikid í munni ad vera fastir
í rásinni, vilja aldrei þverfet út
af þeirri braut, sem vér einusinni
erum komnir út á, viljandi eda
óviljandi. Þad er stórmenskan, sem
bannar oss ad brjóta odd af oflæti
voru, nokkurs konar víkingsedli,
sem er svo rikt í oss, ad vér skodum
þad sem mestu hneysu ad láta hluta
vorn fyrir nokkrum manni. Vér vilj-
um ekki láta sannfærast, en lokum eyr-
um fyrir ástædum andmælendanna,
og höldum daudahaldi í skodanir vorar,
jafnvel þótt vér stöndum ordlausir
þegar vér eigum ad verja þær. – Eg veit
ekki hvort slíkt verdskuldar ad kall-
ast stefnufesta, en víst er um þad ad
ekkert er fjarlægara sannri stefnu-
festu. Og vér getum naumast unnid
óþarfara verk en ad innræta æsku-
lýdnum slíka skodana-fastheldni.

Þad er alls ekki audgert ad ná tak-
marki sannrar stefnufestu. Ýmsir
þröskuldar eru á þeirri leid, sem
oss veitir ördugt ad stíga yfir.
Þá vér gerum oss í hugarlund ad
vér séum sjálfstædir, frumlegir og
ödrum óhádir, þá er þad oftast ein-
tóm blekking. Flestar þær hugmynd-
ir og skodanir, sem vér höfum
myndad oss, eru adfengnar, eiga rót
sína ad rekja til áhrifa utan ad.
Vér verdum stödugt fyrir slíkum
áhrifum, þótt vér ef til vill gerum
oss ekki ætíd grein fyrir því. Lífs-
kjör vor og lífsreynsla, mennirnir
sem vér umgöngumst, aldarandinn
og almenningsálitid – alt þetta hefir
áhrif á þad, hverjum augum vér lít-

um á lífið og viðburðina, sem gerast
í kringum oss.

Mennirnir hafa mjög mismun-
andi skoðanir á lífinu. Sumir eru
bjartsýnir, aðrir einblína á dökku
hliðina. Aðalorsökin til þessa er sú
að mennirnir eiga við mismunandi
lífskjör að búa.

Enginn er svo sterkur, að hann
fái stiklað móti straumnum í elfi
tímans, heldur ber straumurinn
hann með sér, og enginn er sá, er ekki
megi nefnast barn sinnar aldar.
Skáldin og aðrir skörungar andans
yrkja og rita eftir þörfum og kröf-
um samtíðar sinnar. Raddir þeirra
eru margfaldað bergmál þeirra æðstu
hugmynda og hugsjóna, sem ráðandi
voru á þeirra öld, og nú þá ber
einnig meira eða minna af ófull-
komleikum hennar. Ef nú þessi
áhrif færa ekki fram hjá slíkum stór-

mennum andans þá er auðsætt að
vér smælingjarnir munum ekki fara
varhluta af þeim. — Þannig erum
vér allir eins og steyptir í móti þess
tíma sem vér lifum á.

Almenningsálitið ræður jafnan
miklu um framkomu vora og skoð-
anir. Því erum vér og verðum ávalt
háðir. Vér getum ekki látið oss það
engu skifta hvert álit aðrir hafa á
oss. Oss getur t. d. ekki staðið á sama
hvort vér erum virtir mikils af
fjöldanum eða vér erum hafðir að
skotspóni háðsins og afvegaleiddrar
dómgirni. Vér kjósum heldur að hafa
fylgi fjöldans, enda er það oft skil-
yrði þess að fá komið fram fyrirætlun-
um sínum og áhugamálum.

Vér höfum eigi alllitla freistingu
til að laga skoðanir vorar eftir al-
menningsálitinu, og koma fram
eins og vér hugsum að fjöldanum

falli í geð. En það verðum vér að varast að láta það ná slíku valdi yfir oss, að vér dönsum einungis eftir þess pípu. Þegar svo er komið að vér metum meira almenningshyllina en eigin sannfæringu, og hikum við að koma fram með nýjar og frumlegar skoðanir, sem hjá oss kunna að fæðast, af ótta við það, að þær verði vegnar og léttvægar fundnar, þá höfum vér villst út af réttri leið, og erum komnir inn á braut ósjálfstæðis og stefnuleysis.

Oss eru ekki meðfæddar þær hugmyndir og skoðanir, sem ráða stefnu vorri í lífinu. Þær koma utan að, spretta upp af því fræi sem til þeirra er sáð, og þroskastig þeirra fer eftir því hvað frjór jarðvegurinn er. Með mikilmennin, sem berjast undir merkjum sannleikans og sem mannkynið á mest að þakka, er því sennilega þannig varið, að upphaflega hafi það verið orð annara manna, eða eitthvert annað utan að komandi atvik, sem varð þess valdandi að þeir urðu hrifnir af málefni því, sem síðar varð þeim sú hugsjón sem gaf lífi þeirra gildi, leiðarstjarnan sem aldrei hvarf augum þeirra á lífsleiðinni. —

Hin sanna stefnufesta verður að byggjast á bjargföstum grundvelli lifandi sannfæringar. Þegar maðurinn hefir fengið óbifanlega sannfæringu fyrir ágæti málefnisins, þá er aðalskilyrði stefnufestunnar fyrir hendi. Of oft byggja mennirnir skoðanir sínar á foksandi vanþekkingarinnar, eins og bóndinn sem tjáði sig vera eindreginn á móti Valtý í stjórnarskrármálinu, en kvaðst þó ekki hafa neitt vit á stjórnmálum, og gat þess vegna ekki gert minstu grein fyrir því, að hverju leyti hann

væri ósamþykkur honum (Valtý). Fyrir slíka stefnufestu er ekki mikið gefandi. En oft eru það einmitt þessir menn, sem mestum ákafa og afstöðu beita, sem mesta óbilgirni sýna í framkomu sinni.

Hin sanna stefnufesta er ekki fólgin í þrákelknislegri skoðanafastheldni né blindri flokksfylgi. Það er misskilningur einn, að sá maður sýni kjark og sjálfstæði, sem kemur fram eins og ósveiganlegur járnriddari, og aldrei lætur hlut sinn, jafnvel þótt hann hafi á röngu að standa. Það er einkenni þröngsýnna og grunnhygginna manna, að einblína ávalt fram undan sér, í andlegu tilliti, og líta hvorki til hægri né vinstri. Stefnufastur maður fyrirlítur ekki andstæðar skoðanir; hann lítur á þær sanngjörnum augum og vegur þær á metaskálum óvilhallrar dómgreindar.

Stefnufastur maður rígbindur sig ekki við vissar skoðanir; hann telur það enga niðurlægingu að skifta um stefnu í einstökum málum, þegar hann sannfærist um að önnur stefna muni vera réttari og heppilegri; ekki heldur hikar hann við að segja skilið við þann flokk sem hann kann að hafa fylgt, þegar hann sér að ~~ójöf~~ ójöfnuður og ófstæki hefir náð yfirráðum yfir hófsemi og réttvísi.

Stefnufastur maður er ekki þræll almenningsálitsins. Hann er óhræddur við að bera sannleikanum vitni þótt hann hafi meiri hluta á móti sér. Eigin sannfæring hans er honum margfalt dýrmætari en almenningshyllin.

Þegar vér tölum um stefnufastan mann þá eigum vér oftast við þann sem með eldlegum áhuga og óbilandi þreki berst fyrir mál-

eftir því sem heillað hefir huga
hans. Það er hin þrengri merking
þess orðs. En í víðari merkingu
getum vér sagt að hver sá maður
hafi náð hæsta takmarki stefnu-
festunnar, sem hefir myndað sér
ákveðna, heilbrigða lífsskoðun, er
vill það eitt sem satt er og rétt og
leitast ávalt við að koma fram til
góðs í heiminum. —

Með framanskrifuðum athugasemd-
um hefi eg að mestu leyti svarað
spurningu þeirri er eg setti fram í
upphafi þessarar greinar frá mínu
sjónarmiði. Til frekari skýringar
get eg dregið skoðun mína saman
í fá orð:

Sannarlega stefnufastur er hver
sá maður sem helgar líf sitt sann-
leikanum og ávalt hlýðir röddu
sannfæringar sinnar. (Meira.)

A. H.

Er meira af illu en góðu í heiminum?

Þetta kann mörgum virðast skrítin
spurning, og ólíklegt að nokkur
færist það í fang að svara henni
til fullnustu, enda dettur mjer
það ekki í hug. Jeg ætla aðeins
að leggja örfá „orð í belg“.
Jeg hef rekið mig á það, að margur
er sá, sem álítur að hið illa hafi
yfirhöndina — að mennirnir eigi yfirleitt
meira af ~~to~~ illu en góðu. Prestarnir
— einkum hjer áður — gátu heldur
ekki sitt eptir liggja, að innræta
mönnum þessa skoðun. Allir áttu
að forðast gleði og glaum „heimsins“, og
þessi jörð átti því að vera táradalur
þar sem sá vondi hjekk lausum hala,
„leitandi að þeim sem hann fengi uppsvelgt“.
En þetta er að mínu áliti skökk
skoðun, og jafnframt skaðleg.
Hún veikir traust vort á mönnunum

innrætir oss
og ótrú á tilgangi lífsins. En sá
sem engum trúir, er illa farinn.
Eitt, sem mælir með því, að meira
sje af góðu en illu er það hvað
hart er tekið á brestum vorum.
Ef vjer gjörum oss seka í einhverju
illu, stelum nokkrum krónum frá
náunganum eða því um líkt, þá
má heita að mannorð vort sje tapað,
hversu góð sem hegðanin er fyr og
síðar. Hitt er sjaldgæft að afbrota-
maður hafi náð áliti sínu, þótt hann
hafi unnið samsvarlegt góðverk.
Ef vjer gerðum oss það að reglu, að
skrifa hjá oss allt gott og illt, sem
fram við oss kemur, þá er jeg viss
um hið góða reyndist mörgum pörtum
meira, og það ættu þeir að gera
sem hafa ótrú á mönnunum, það
væri sjálfum þeim fyrir bestu.

Lífið er tvöfallt stríð. Stríð hið
ytra fyrir tilveru vorri, og hið innra
milli góðs og ills. Sigurinn yfir hinu
illa er það takmark sem vjer eigum
að keppa að, og hann vinnst ekki
með því að innprenta mönnum þá
hugmynd, að hið illa hljóti að hafa
yfirhöndina. Sá herhöfðingi hvetti
lítið liðsmenn sína, sem segði áður
en orustan byrjaði. „Vjer hljótum að
verjast, en óvinirnir eru svo liðmargir
að lítil von er um sigur." Hinn
yrði að liðsmönnum sigursælli er segði:
„Vjer hljótum að vinna sigur, því lið
óvinanna er bæði færra og smærra".
Í hvers heilbrigðs manns sálu er gróðursett löngun
eftir því að verða góður, og öll vor far-
sæld er komin undir því að þessi löngun
dafni. — „Guð er sá er býr í sjálfum oss" og
sá maður, sem tignar þann guð rjettilega, hlýtur
að verða sæll; hverrar trúar sem hann er.

Jónas Jónasson

## Stökur

Þú hefur mátt stríða strangt
stormar lífs hvar næða,
en aldrei hopað undan langt
óveðrinu skæða.

Óstuddur þú ælíð gekkst
— a var sami hugur. —
Hið eina sem í arf þú fjekkst
var íslenskt þol og dugur.

Það sem að þjer þótti verst
— þyngst af öllu að bera, —
að ofttastur í lífsins lest
löngum klaust að vera.

Þjer var mörgum meira veitt,
megn og sálar styrkur.
Kröftum þínum þó gat eytt,
þröngur skór og myrkur.

—

Loksins nú, er líf þú dvín
— liðinn hvíldardagur —
gegnum dauðans dimmu skín
dýrðar röðull fagur.

J. J.

## Kvæði.

Eitt heiðríkjukvöld eg fram heiðina reið,
þar sem héraðið blasir á mót,
og hestarnir gripu svo geysihart skeið,
svo það glamraði mölin við fót.
Heyrðist hóað í dal, söng í hamranna sal,
glóði sólin um blómgvaðan runn.
Yfir ládauðan sjó, sínum logeinum sló,
er svo ljómandi hneig hún að unn.

Þetta inndæla kvöld var svo heiðríkt og blítt
með svo himneskum svalandi blæ.
Ó og man hvernig kveldroðinn blikaði blítt
yfir bláleitum rólegum sæ.
Kvað sín kveldljóðin löng foss við gljúfranna göng,
búinn grábrúnum skrautlegum hjúp,
meðan sorgblíðum róm bar að eyranu óm,
svo að ósjálfrátt lundinn varð djúp.

Og fuglinn svo léttur í lynginu þaut,
ó hve ljóðin hans ómuðu skært.

hann vaggaði í sólu og vissi enga þraut,
og þá var honum lífið svo kort.
Hnígur í höfugan blund blóm á grösugri grund,
á þeim glitraði döggin svo hrein,
þegar kveldsólin blíð kvaddi fjalla og hlíð,
utvið hafsbrún í sigurdýrð skín.

En áin, hún niðaði straumfall með strítt,
er við standbjörgin reyndi sinn dug,
og tónarnir liðu svo ljúft og svo blítt
~~og~~ að þeir lokkuðu og töfruðu hug.
Þeirra öldulhljóð sterk bárust kletta frá kverk
með svo kvellum en þungbúnum ~~[illegible]~~ hljóm,
og með stríðefldum þrótt, þeytti utanum ótt
yfir útsprungin litfögur blóm.

Og húmið það leddist svo hljótt yfir grund,
þegar hnígin @ djúpi var sól,
og fuglarnir þögnuðu og fengu sér blund,
þar sem fundu þeir öruggast skjól.
Ríkti friðurinn kyr, blés um vangana blær,
og á blómin sem hvíldu svo rótt.
Ó það hresti svo lund, það var hátíðleg stund
ó þú bjartkæra minningarnótt.

Ó.J.

## Hrossabeit á túnum

Það eru nú farnar að heyrast ekki svo allfáar raddir um það, @ hrossin séu orðin allt of mörg hjá okkur Blöndhlíðingum. Ein af aðalástæðunum, sem er færð fyrir því máli er sú, að mikil hrossaganga skemmi landið. Því miður sýnist líka þessi ástæða vera á rökum byggð, því á mörgum stöðum kemur fram auðsæ afturför landsins, þar sem hrossa-ganga ufram úr hófi. Þessar skemmdir koma aðallega fram á þrennan hátt. Fyrst sneggist landið, þar sem hross ganga að sumrinu og verður verra til hagbeitar öðrum skepnum á hinu yfirstandandi sumri. Í öðru lagi rýrir mikil hrossabeit einkum & vetrarbeitin grasvöxtinn á næsta sumri, og í þriðja lagi skemmist landið fyrir framtíðina — ef til vill óbætanlega — ef hross ganga á því í örtröð yfir lengri tíma; má sjá þess glögg merki fram í afréttinni okkar.

Eg ætla ekki með þessum línum @ kveða ~~niður~~

upp þeim dóm yfir hrossaeign okkar, en eg ætlaði í sambandi við þetta að fara nokkrum orðum um eitt atriði, sem eg held að menn gjöri sér ekki almennt grein fyrir, en það er hversu miklar skemmdir við látum hrossin gjöra á túnunum okkar á hverju ári.

Það má heita @ það sé almenn regla að sleppa hrossunum óhyndrað á túnin, er því komið er undir eða um göngur. Er því ekkert sjaldgæt að sjá það á haustin, að ekki sé ver skipað til beitar á túnunum heldur en í úthaganum, og er þar þó stund um þéttfylkt á margan blettinn. Túnin eru því að nokkrum vikum liðnum orðin snöggbitin og ber, þótt góður háarspeli hafi verið á þeim í sláttarlok. Að vetrinum gengur þetta litlu betur; leita hrossin þá, einkum þau er hýst eru, oft heim áður en þau eru látin inn, enda mun stundum koma fyrir að aðalbeitiland þeirra margan daginn sé túnið. Einkanlega er þetta mjög skaðlegt þegar hláker ganga, svo rótin er þýð efst

Er hvortveggja að hrossunum þykir orðin dálítar og lítill grashnúnger sá, er upp úr stendur, enda sækjast þau þá mjög eftir grænum jurta-hlutum, sem þau finna með því @ naga lítið eitt niður í rótina; kemur þetta ljósast fram þar sem smári hefir verið, því hann hefir gilda og græna jarðstöngla, sem liggja lárétt ofantil í grassverðinum, en smárinn og stönglar hans er besta fóðurgrasið, sem við höfum, enda líka í mesta uppáhaldi hjá gras-bítunum. Ef vér svo athugum hvernig túnin líta út að vorinu áður en byrjar að gróa, þá komumst vér að raun um að þau eru öll jafn nauðnöguð með dökkleitum rótnög-uðum smáskellum hingað og þangað.

Þessu veit eg að menn hafa margtekið eftir, en til þess að gjöra oss ljósara hver áhrif það hefir á grasvöxtinn, skulum vér stuttlega athuga bygginguna og vöxt allra jurtanna í þessu tilliti.

Ef vér einhvern góðan vormorgun gengum útá tún, og förum að athuga nýgræðinginn, mundum

vér sjá, að hann er sprottinn uppaf meira eða minna
lárjettum eða lóðrjettum jarðstönglum, sem grassvörð-
urinn er gegnofinn af ofan til. Jarðstönglar þessir
eru annað og annars eðlis en ræturnar sjálfar, sem að
mestu liggja lóðrjettar og lengra ofan í moldina.
Jarðstönglana má skoða sem fjölgunarfæri jurtanna,
því þeir vaxa á ýmsar hliðar útfrá rótinni, og geta
þar myndast nýjar rætur ofan úr þeim, en nýjar jurtir
upp úr moldinni; gamla rótin og þeir jarðstönglar
sem næstir henni liggja deyja þá oft að skömmum
tíma liðnum, og þannig færist margt af jurtunum
úr stað, án þess að vér tökum eftir því.
Þegar þetta er athugað í sambandi við vetrarbeitina,
þá hljótum vér að sjá, hversu skaðlegt það hlýtur
að vera fyrir grasvöxtinn, að þessir jarðstönglar séu
sumpart rifnir upp og sumpart slitnir úr sambandi
við tilheyrandi rót, sem veitir þeim aðallega næringu.
Það hefir þau áhrif að grasvöxturinn verður gisn-
ari og sum grösin veigaminni, en þau hefðu verið,
ef grasvörðurinn hefði fengið að standa óáreittur.
Auk þessa er það ekki lítið tap fyrir nýgræðinginn,

sem þarf að eiga í sífeldu stríði við hret
og kulda, að hafa misst það skjól, sem háin
veitir honum ef hún fær að haldast óbitin
yfir veturinn.
Að því er snertir haustbeitina þá kann mönn-
um að virðast — enda líka heyrst því hreyft —
að það væri eins gott að láta skepnurnar njóta
stráanna á túnunum meðan þau voru græn,
úr því þau hlutust að vetrinum hvort sem væri.
En þótt þetta hafi við nokkuð að styðjast er
þá haustbeit á tún mjög varhugaverðar síðar
(Þegar líður á sumarið og starfsemi jurtanna
til vaxtar og fræmyndunar er á enda breytist
starfsemi þeirra í aðra átt. Það er eins og þær
hugsi, að þó þær verði sjálfar að falla í valinn
fyrir frosti og hríð, þá skuli þær þó reyna að
gjöra afkomendur sína sem best úr garði í stríð
við norðannæðinga og jafnvel hungur, (áburðar
skort) sem að líkindum bíði þeirra á æskuskeiði.
Þær taka því af alefli að safna í rætur sínar
þeirri næringu, sem þær fram yfir daglegar þarfir

geta dregið úr lofti og jarðvegi, sem nokkurs-
konar forðanæringu, er geymist óeydd yfir
veturinn, en kemur svo aftur að notum nýgræð-
ingnum á vorinn, meðan hann er veikur og
lágvaxinn og létt fer um að ~~hafa~~ sjálfur að-
drátti alls fæðu síns. Aðalefnið í þessa
forðanæringu fá jurtirnar úr loftinu gegnum
blöðin, og gengur þeim þess betur að safna
henni, sem þau eru stærri og grænni. Það er
því skiljanlegt, að það hlýtur að hindra þessa
starfsemi mikið, þegar háin er bitin snemma
á haustin, og það því fremur sem túnin eru
einmitt sá hluti graslendisins, sem heldst
lengst grænn, og getur því lengst notið þess-
arar starfsemi. Þess skal getið, að það hefir
hinar sömu afleiðingar að slá há svo seint,
að ekki geti sprottið dálítið upp aftur.

Auðvitað hefir öll ~~st~~ peningsbeit á túnin að
haustinu þessi áhrif, en það er þó sérstaklega
hrossabeitin, sem fer verst með þau, því þau ganga
nær rótinni en bæði sauðfé og kýr. Sérstaklega
en það kýrnar, sem vér ættum að geta vel
þolað, þó að gengu í túninu, því auknar afurðir
sem þær veita með því, eru sjálfsagt í meira
verða, en nemur þeim skemmdum, sem þær valda.

Ekki er svo að skilja, að flest af því, sem
ég nú hefi sagt um áhrif hrossabeitarinnar á
túnin geti ekki einnig átt við um úthaga og
engjar, en einhverstaðar verða vondir að vera,
og ég hefi tekið túnin sérstaklega, af því að oss
ætti sérstaklega að vera ant um þau, þessa
svo að segja einu bletti sem við reynum nokkuð
til að rækta.

En hvað er þá til ráða móti slíkum ágangi?

Ekki mundi mönnum gefast vel að, þótt ég
segði hverjum einyrkjanum að standa úti næt-
ur og daga með hunda á verði og hrossabrest í
hendi til að verja tún og engi, en ekki tel ég það
neina frammför, að slík gersemi skuli nú ekki
vera lengur til á nokkru heimili. Margir munu
og þykjast illa færir til að girða allt túnið sitt,
en þó er þetta einmitt eina ráðið, sem vera-

þega dugir, en eins og búnaðurinn og búnaðarháttirnir standa hjá okkur núna, er því miður ekki hægt að benda á það sem ráð, sem líkindi séu til að ~~kr~~ komist í framkvæmd í nánustu framtíð, enda var það aldrei tilgangur minn með þessum línum að benda á neina einhlýta vörn, því eg get það ekki, heldur hitt, @ eg vildi vekja menn til umhugsunar um þetta atriði; og skýra fyrir þeim, að það er vert að reyna að sporna við hrossaaganginum því eg er sannfærður um @ það kemur nokkuð af því, að menn vita ekki að það er skaði hversu lítið er reynt til að verja túnin, og alls ekkert engin yfir haustið og veturinn, en eg er þó viss um, að það mætti þó nokkuð við þessu gjöra, þó það væri í smáum stíl, ef vilja og áhuga vantaði ekki.

Það sem gjörir þetta, að því er túnin snertir, einna örðugast, er ~~það~~, að hesthúsin standa á öllum jörðum inni í túninu, jafnvel sumstaðar hingað og þangað um það, hrossin verða því að minnsta kosti að sparka meira og minna um túnin allan veturinn meðan þau eru hýst, og veldur það eitt út af fyrir sig ekki svo litlum skemmdum. Vér þurfum því

með tímanum @ útrýma þeim ósið, að hesthúsin standi innangarðs, með því að færa þau smásaman eftir því, sem þarf að byggja þau upp, sem til eru, útfyrir túnið. Ef þau væru sett á hentugan stað, mundi þar fást upp túnauki í ~~þ~~ kring um þau.

Mikil vörn móti vetraraganginum á tún er að hreyta þau að haustinu með nokkurnvegin jöfnum muldum áburði. Á greiðfærum túnum, sem ekki eru því brattari en mjög deiglend, hefir þetta líka þann kost að vera besta áburðaraðferðin, og því betri sem fyr er borið á að haustinu. Þessa aðferð ætti því að viðhafa þar sem landslagið leyfir, og hægt er að koma því við sökum mannfæðar og annara haustanna.

Að verja engin svo nokkru nemi fyrir hrossunum eins og til hagar hérna er mjög illt viðfangs, en þó mundi mega halda þeim meira til fjallsins en almennt er gjört, ef nokkur viðleitni væri höfð í þá átt. Ef hrossin vendust á að vera í fjallinu yfir veturinn, þegar hagaskortur ekki bannaði; mundu þau ekki sækja eins mikið ofan í engjarnar á vorin, þegar fer að gróa, og menn fara loks að

leitast við að verja fyrir þeim tún og engi
Í þessu tilliti væri æskilegt að mega hugsa til að eiga girðingu um endilanga hlíðina skamt fyrir ofan bæina, sem hægt væri að hafa hrossin fyrir ofan þegar menn vildu. Ekki síst mundi sú girðing verða til ómetanlegs gagns þegar líður á sumarið, og heita má að bæði slægjur og hey á flestum bæjum hér í sókninni sé í hershöndum, svo varla verður fenginn svo baggastór blettur til að slá, þegar líður fram undir göngurnar, að ekki hafi útigangsarnir ofan úr fjöllunum farið þar yfir hverskildi með ránum og eyðileggingu. Slík girðing mundi spara margan snúninginn og mikinn tíma, sem þarf til vörslu, og hún mundi bjarga mörgu tuggunni, sem beinlínis og óbeinlínis ~~fer~~ í gripi vora, þegar þeir hafa þess ekki þörf, til þess að hægra ætti að vera að neita þeim hana, þegar þeir hafa hennar þörf. En þetta á sammerkt við túngirðingarnar, að það þarf fé til fram~~fara~~kvæmda, svo tæplega er hægt búast við þeim í bráðina.
Annars hefi eg ekki heyrt þessu máli hreyft, og sjálfur ekki hugsað það neitt ýtarlega, og getur því ~~vera~~ verið að einhverjir aðrir komi fram á því, með frekari undirbúning, jafnvel þótt menn sjái sér fært að leggja út í það kostnaðarins vegna. Eitt aðalskilyrðið væri að góð lega fengist fyrir ~~garðinn~~ girðinguna en um það er ekki hægt að vita, fyr en slíkt væri rannsakað.
Þótt þetta sem hér hefir verið sagt sé nokkuð takmarkað og sundurlaust, og ekki nema smápunktar úr aðalmálefninu, um hrossaræktina í Blönduhlíð, ætla eg samt að láta hér staðar numið, enda orðin langorðari en eg ætlaði í fyrstu. Eg vildi aðeins óska að þessar línur gætu orðið til þess, að vekja menn til frekari umhugsunar og framtakssemi í þessi tilliti, og væri gott að heyra í "Vilyanum" fleiri raddir um þetta mál.

Jakob H. Líndal

## Ráðning talþrautanna (í síð. tbl.)

1. Eggjakonan hefir átt 31 egg þegar hún byrjaði að selja. Seldi fyrst 16 egg þar næst 8 og seinast 4, og hefir þá átt 3 eftir.
2. Páll rak 7 kindur, en Pétur 5

(Aðsent.)

S. B.

## Auglýsing

Skautar hafa tapast á Seljunum(?) milli Akra og Syðstugrundar. Finnandi beðinn að gjöra svo vel og skila þeim til undirskrifaðs.

Jakob H. Líndal

## Gátur.

1. Á söðulsjóni(?) og sævardýri sá ég prýði;
sama nafnið lýtir lýði.
2. Niflungsheiti, nestistaska og nýtur and-
Gátur ráða varla er vandi.

---

| | kom | | fór | |
|---|---|---|---|---|
| Ulfsstaða Kot | 26 — | | 27 — | |
| Ulfsstaðir | kom | 27 | fór | 29 |
| Sólheimagerði | kom | 29 | fór | 30 |
| Sólheimar | | 30 | | 31 |
| Miðsitja | | | | |
| Víðivellir | | | | |
| Miklibær | | | | |
| Hrólfsstöðum | | | | |
| Grundar Kot | | | | |
| Þorleifsstaðir | | | | |
| Höskuldsstaðir | | | | |
| Akrar | | | | |
| Minni-Akrar | | | | |
| Minna-Akragerði | | | | |

Skrifbók

með forskriftum

2. hefti

Útgefendur:

Jón Þórarinsson Morten Hansen

april

[illegible]